



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík

81. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í skrifstofu skólameistara fimmtudaginn 20. október 1983, og hófst hann kl. 17⁰⁰. - Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Halldór Guðmundsson, Halldór Ingvason (Grindavík), Hreinn Ásgrímsson, Ingimundur Guðnason, Þórður Ólafsson (Miðneshreppi), Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Gísli Torfason, fulltrúi kennara, Þórður Halldórsson, fulltrúi nemenda, Valtýr Guðjónsson, ritari - og gestur fundarins, Ingvar Jóhannsson, af tilefni sem síðar getur. Formaður bauð velkomna hina nýkjörnu áheyrnarfulltrúa kennara og nemenda og varafulltrúana frá Grindavík og Miðneshreppi. Vék hann síðan að tilkynningardagskrá - og þetta gerðist:

1. Tilkynningar

a) Skólameistari lagði fram ljósrit af bréfi til menntamálaráðuneytis varðandi samþykkt skólanefndar um skiptingu stjórnunarstarfa og verkaskiptingu helstu starfsmanna í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og svarbréfi ráðuneytisins, dagsettu 28. september s.l. þar sem ráðuneytið samþykkir fyrir sitt leyti "þá breyttu skipan deildarstjórarstarfa á skólaárinu 1983-84, þ.e. að deildarstjórar verði fjórir og velji þeir sér 1-3 fagstjóra til aðstoðar."

Skólameistari tilkynnti að haldnir hafi verið fimm fundir skólastjórnenda samkvæmt hinu nýja skipulagi og skólastjórn hafi verið kosin og væri hún tekin til starfa á grundvelli þess starfssviðs sem henni væri ætlaður. Í skólastjórn eiga sæti skólameistari, aðstoðarskólameistari, tveir fulltrúar nemenda (Svava Pétursdóttir og Þorvaldur Árnason) og tveir fulltrúar kennara (Guðmundur B Guðbjörnsson og Maja Loebell).

b) Auglýst hefur verið að á vorönn 1984 hefjist þriggja anna meistaranám fyrir húsasmiði, múrsmiði og pípu-
lagningamenn fáist næg þátttaka. Umsóknir skulu berast fyrir 11. nóvember.

- c) Lagt var fram bréf frá verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands til menntamálaráðuneytis, undirritað af Halldóri I Elíassyni, deildarforseta. Þar er því fram haldið að undanfarin ár hafi kunnáttu stúdenta í eðlisfræði og efnafræði verið ábótavant - og í lok bréfsins segir : " Sömuleiðis má leiða getum að því, að eitthvað skorti á gæði kennslunnar í raungreinum hjá fjölbrautaskólunum, ef litið er á árangur nemenda þaðan." Skólameistari sagði að bréf þetta hafi verið rætt á fundi skólastjórnenda og lagt hafi verið til að fulltrúar frá skólunum færu á fund Halldórs Elíassonar og óskuðu nánari skýringa.
- d) Lögð var fram orðsending til iðnfræðsluskólanna frá Iðnskóla-útgáfunni varðandi sameiginleg innkaup á ýmsum rekstrarvörum til skólanna, t.d. pappír og efnisvörum fyrir rafiðnadeildir. Ljóst virðist að slík innkaup muni reynast mjög hagkvæm.
- e) Skólameistari skýrði frá því að dagana 7. og 8. september s.l. hafi fram farið könnunarpróf í ensku, stærðfræði, eðlisfræði og íslensku fyrir umsækjendur um störf fjögurra flugumferðarstjóra á vegum Flugmálastjórnar/loftferðaeftirlits í húsakynnum Menntaskólans við Sund. Eftirtaldir kennarar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja sömdu prófin, sáu um framkvæmd þeirra og dæmdu úrlausnir:
- | | |
|---------------|---|
| í ensku: | Sigrún Þorsteinsdóttir og Rósa Sigurðardóttir |
| í eðlisfræði: | Magnús Óskar Ingvarsson |
| í stærðfræði: | Gísli Torfason og |
| í íslensku: | Baldur Sigurðsson og Sigrún Oddsdóttir |
- Að dómi flugmálastjórnar var öll framkvæmd með ágætum. Þátttakendur í prófinu voru 67.
- f) Ingvar Jóhannsson, fyrrverandi skólanefndarmaður, tók til máls og tilkynnti að Keflavíkurverktakar færðu skólanum að gjöf nýtt og fullkomið kennslutæki í kælitækni. Hafi það verið flutt í húsnæði verknámsdeildar rafiðna. Upplýst var að verðmæti tækisins væri um 230.000 krónur.
- Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndarinnar, bauð Ingvar sérstaklega velkominn á fundinn, minntist hins mikla starfs Ingvars í nefndinni og bað hann flytja gefendum aðúðarþakkir. Ákveðið var að skólanefndarmenn færu eftir fundinn að Iðavöllum 3 til þess að skoða þennan mikla grip.

2. Fjármál :

A. Formaður skólanefndar lýsti tveggja daga för sinni á fund aðila í fjármála- og áætlanadeild menntamálaráðuneytis í framhaldi af fundi sem skólameistari, formaður og fleiri áttu með fulltrúum ráðuneytisins 13. september s.l. um frekari fjárveitingar úr ríkissjóði vegna samrekstrar.

Niðurstöður af fundum formanns og Leifs Eysteinsonar urðu:

Greiðsluheimild fjárlaga 1983 er sögð alls kr. 13.900.000.
Samkvæmt samningi milli sveitarfélaga á Suðurnesjum og menntamálaráðuneytis um rekstur skólans á að skipta fjárveitingunni þannig:

Ríkissjóður greiði kennaralaun 100%

Þátttaka ríkissjóðs í öðrum launum sé 50%

- " - " - " - rekstri sé 50%

Framanritaðri greiðsluheimild fjárlaga fyrir árið 1983 hefur og hyggst menntamálaráðuneytið ráðstafa þannig:

Þegar greidd kennaralaun (100%) 9.800.000

Ógreidd kennaralaun til áramóta (100%) 3.853.000

Greitt upp í 50% vegna samrekstrar 900.000

Með framangreindum hætti eru greiðslur

umfram fjárlög orðnar	653.000
samtals:	14.533.000 14.533.000

Vegna þessarar niðurstöðu verða ekki inntar af hendi meiri greiðslur til skólans vegna samrekstrar að sögn fulltrúa ráðuneytisins.

B : Reikningshaldari lagði nú fram reikningsyfirlit um um samreksturinn pr. 11/10.sl. sbr. meðf. yfirlit fyrir rúma 9 mánuði, sem af eru árinu, samtals 4.643.096

Skv.áætlun skólanefndar fyrir árið

1983, var hann áætlaður allsýfir árið

6.126.000, sem sveitarfélögin hafa þegar

staðfest að greiða að sínum hluta, en

virðist muni hækka um ca.950.000, vegna

vanáætlunar á viðhaldskostnaði, akstri

m. nemendur, rafmagnskostnaði ofl., því

alls 7.076.000-:-fært 4.643.096	2.432.904	7.076.000
---------------------------------	-----------	-----------

Sé samrekstri skipt samkvæmt áðurgreindum samningi - og með árlegum fyrirvörum ráðuneytis varðandi öldungadeild, aukavinnu kennara, áfangastjórn, umsjón með bókasafni, námsráðgjöf o.fl. sem gæti numið til frádráttar á 50% hluta ríkissjóðs allt að 1.000.000

verður samt til skipta kr.

6.076.000

50% hlutur ríkissjóðs verður þá kr.

3.038.000

en afgangurinn, kr. 4.038.000

verður þá hlutur sveitarfélaganna.

Upp í þetta hefur ráðuneytið greitt

eins og áður segir kr.

900.000

Ógreiddur hluti ríkissjóðs er því kr.

2.138.000

Fyrirvari er gerður um áætlanatölur.

Reikningshaldari lýsti ágætum skilum á greiðsluhlutdeild sveitarfélaganna til skólans - eins og hún var áætluð í ársbyrjun.

Umræður urðu miklar, og snérist þær fyrst og fremst um hver greiða mundi eftirstöðvarnar ef ekki fæst leiðrétting á fjárveitingum ríkissjóðs til skólans. Minnt var á að skólanefndin hefur margsinnis bent á að í fjárlögum fyrir 1983 voru vanáætlaðir liðir vegna launa, annars rekstrar og viðhalds.

Skólameistari taldi þörf á að leita úrskurðar réttra yfirvalda, þ.e. menntamálaráðherra og fjárveitinganefndar alþingis

um hvort starfsmenn ráðuneyta hafi heimild til þess að neita aðgreið tilskilin rekstrarframlög þótt launafjárhæð fari fram úr áætlun.

Formaður skýrði frá að í samræðum hans við fulltrúa menntamálaráðuneytis hafi komið til tals að aukafjárveiting yrði veitt til skólans fyrir áramót. - Samþykkt var að fara fram á aukafjárveitingu, nægilega háa til þess að skólinn "standi sléttur" um áramót, og var formanni og skólameistara falið að senda ráðherra erindi þess efnis. Töldu fundarmenn að til þess þurfi um 2,7 milljónir úr ríkissjóði.

- C. Upplýst var að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984 er FS ætlaðar kr. 13.996.000 í launakostnað, 1.868.000 til annarra rekstrargjalda, 40.000 til viðhalds og gjaldfærður stofnkostnaður er ætlaður kr. 800.000.

Nefndarmenn voru sammála um að tölur þessar væru óhæfilega lágar; launakostnaður þyrfti að hækka um a.m.k. 1.000.000 og tvöfalda þyrfti framlag vegna annarra rekstrargjalda.

Samþykkt var að hver nefndarmaður snúi sér nú þegar til sveitarstjórnar í sínu byggðarlagi og vekji athygli á fjármálalegri stöðu skólans og báguðum framtíðarhorfum ef fjárlög verða samþykkt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Einnig var samþykkt að fela formanni og skólameistara að rita ráðherra og fjárveitinganefnd bréf þar sem rökstudd er þörf skólans á hærri fjárveitingu en frumvarpið ráðgerir.

3. Önnur mál

a) Skólameistari var kjörinn fulltrúi skólans á 40. iðningi Íslendinga sem fram fer á Hótel Sögu dagana 27.-29. október næstkomandi

b) Lagt var fram bréf frá skólanefnd Fjölbrautaskólans á Akranesi, undirritað af Ólafi Ásgeirssyni, skólameistara, þar sem skólanefnd FS er boðið í heimsókn þangað miðvikudaginn 9. nóvember n.k. - Samþykkt var að þiggja boðið.

c) Formaður lagði fram bréf frá bæjarstjórn Grindavíkur þar sem þess er óskað að skólanefnd fari að framkomnum óskum nemenda úr Grindavík þess efnis að aukaferð verði til Keflavíkur kl. 9³⁰ á morgnana alla virka daga. Halldór Ingvason fylgdi málinu úr hlaði. Ingólfur aðstoðarskólameistari skýrði mál þetta og lýsti erfiðleikum við að samræma stundatöflur tilteknum ferðum. Hann upplýsti að aukaferð sem þessi mundi kosta um 47.000 krónur á önn. Eftir nokkrar umræður samþykkti skólanefndin einróma viljayfirlýsingu þess efnis að æskilegt væri að koma á þessari ferð. Í umræðunum kom fram eindreginn vilji nefndarmanna að upp verði teknar reglubundnar strætisvagnaferðir milli staða á Suðurnesjum, enda mun að því vera stefnt. Aðstoðarskólameistara var falið að ræða málið við Steindór sérleyfishafa og freista þess að leysa það farsællega.

Fleira var ekki gert, en fundi slitið. Héldu skólanefndarmenn síðan upp á Iðavelli til þess að skoða húsnæði rafiðnadeildar og kennslutækið í kælitækni sem Keflavíkurverktakar gáfu.

Valtýr Guðjónsson og skólameistari settu saman fundargerð þessa.

Yfirlit pr.11/10.1983:Laun:

Laun húsvarðar, út	okt.	195.051	
" v.ræst.	sept.	230.211	
" v.skrifst."	okt.	314.907	
" v.ýmisl.	sept.	27.517	
" v.lesst.	"	46.365	
" v.kaffist."	"	144.275	
Sj.&orl.sj.		3.679	
Launat.gj., þinggj.		26.912	
Launask.&lífeyrissj.		90.060	1.078.977

Akstur:

Akstur m.nem.	578.248	
" " aðföng	22.378	
" v.ýmisl.	44.160	
" v.flugbr.	54.144	698.930

Annað:

Bókakaup	181.661	
Fjármagnskostn.	40.235	
Ljósprentun	113.012	
Matarkaup	7.790	
Póstur	6.786	
Sími	99.062	
Ritf.&prentun	47.855	
Auglýsingar	33.344	
Skólasetn. &-slit	30.764	
Ýmis kennslutæki	94.558	
Hiti	93.901	
Rafmagn	342.936	
Ræstiefni	48.830	
Tryggingar	3.763	
Viðh.verkfæra	16.837	
" húsa	481.496	
Ýmislegt	67.963	
Ferðak.&fundir	14.850	
Tölvuvinnsla	60.029	
Þáttt.í r.íþr.húss út maí	384.238	
Leiga gagnfr.sk.f.f ári	65.894	
Starfsvika	38.942	
Námskeið	31.085	
Önnur leigugjöld	75.000	2.380.841

Brautir:

Tréiðnabraut	103.759		
Málmiðnabraut	114.561		
Rafiðnabraut	181.733		
Vélstjórnarbraut	13.254		
Hársnyriðnabraut	46.641		
Fatasaum	24.400	484.348	4.643.096

Reikn.frá ráðuneyti 1/1.83; bakreiknað:

Öldungadeild	368.601		
Aukast.kenn.	110.722		
Umsj.m.bókasafni, áf.stj.			
námsefnisráðgj.ofl.	550.175	529.498	
Fatasaum		24.399	553.897
			5.196.993